



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

2. OKTÓBER 2025
ELDBORG HARPA

KIAN SOLTANI LEIKUR HAYDN



VELKOMIN



VINSAMLEGAST HAFIÐ SLÖKKT
Á FARSÍMUM Á MEÐAN
TÓNLEIKUM STENDUR.

TÓNLEIKAGESTIR ERU BEÐNIR UM
AÐ KLAPPA AÐEINS Í LOK TÓNVERKS.

TÍMALENGD VERKA:

FORLEIKUR: 10'

KONSERT: 25'

SINFÓNÍA: 48'

Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

KIAN SOLTANI LEIKUR HAYDN

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 2. OKTÓBER KL. 19:30

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

MIRIAN KHUKHUNAISHVILI

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

KIAN SOLTANI

EINLEIKARI

CARL MARIA VON WEBER

Forleikur að *Galdraskyttunni* (Der Freischütz, 1820)

JOSEPH HAYDN

Sellókonsert í C-dúr (fyrir 1765)

Moderato

Adagio

Allegro molto

HLÉ

PJOTR TSJAJKOVSKÍJ

Sinfónía nr. 5 í e-moll, op. 64 (1888)

Andante – Allegro con anima

Andante cantabile con alcuna licenza

Valse: Allegro moderato

Finale: Andante maestoso – Allegro vivace

MIRIAN KHUKHUNAISHVILI

HLJÓMSVEITARSTJÓRI



Georgiski hljómsveitarstjórinn Mirian Khukhunaishvili stundaði nám við Tónlistarháskólann í Tbilisi og síðar við Tónlistarakademiuna í Kraków þaðan sem hann lauk prófi í hljómsveitarstjórn árið 2020. Hann hefur síðan sótt námskeið hjá þekktum hljómsveitarstjórum eins og Fabio Luisi, Klaus Mäkelä og Paavo Järvi og unnið til ýmissa viðurkenninga. Hann varð til að mynda hlutskarpastur í hljómsveitarstjórakeppni Tonhalle Orchester í Zürich 2022–23 og ári síðar hreppti hann fyrstur manna Ringmann Jaross verðlaunin sem þýski hljómsveitarstjórinn Christoph Eschenbach stofnaði til minningar um foreldra sína.

Mirian Khukhunaishvili tók þátt í að stofna Ungsveit Tbilisi og er tónlistarstjóri hennar. Hann hefur stjórnað öllum helstu hljómsveitum í heimalandi sínu og einnig ýmsum hljómsveitum í Evrópu, svo sem Konzerthausorchester Berlin, Sinfóníuhljómsveit danska útvarpsins, Sinfóníuhljómsveitinni í Gävle og Rúmönsku útvarpshljómsveitinni. Khukhunaishvili kom fyrst fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands á jólatónleikum árið 2022 og hefur síðan stjórnað henni og Ungsveit SÍ allnokkrum sinnum. Hann kenndi hljómsveitarstjórn við Listaháskóla Íslands á árunum 2021–24 og stjórnaði þá einnig kór skólans.

Nú í haust tekur Khukhunaishvili við stöðu tónlistarstjóra óperunnar í Wrocław í Póllandi og framundan eru verkefni með Ríkishljómsveitinni í Apenu, Filarmonica Arturo Toscanini í Parma, Þjóðarhljómsveit Litháens og Sinfóníuhljómsveit Suður-Jótlands, svo eitthvað sé nefnt.

KIAN SOLTANI

Einleikari



Austurríkismaðurinn Kian Soltani hefur skapað sér nafn sem einn eftirsóttasti sellóleikari sinnar kynslóðar. Flutningur hans einkennist af djúpri, persónulegri tjáningu og afburða tækni – tónlistartímaritið Gramophone kallaði leik hans „hreina fullkomnun“ – en Soltani þykir einnig ná einstökum tengslum við áheyrendur. Hann er fæddur í Bregenz árið 1992 af persnesku foreldri og hóf að leika á selló fjögurra ára gamall. Aðeins 12 ára innritaðist hann í Tónlistarakademíuna í Basel og síðar nam hann við Kronberg-akademíuna í Þýskalandi og Alþjóðlegu tónlistarakademíuna í Liechtenstein. Soltani vakti fyrst heimsathygli þegar hann vann fyrstu verðlaun í Paulo-sellókeppninni í Helsinki árið 2013 og hann hefur síðan komið fram með mörgum helstu hljómsveitum í Evrópu og víðar. Kian Soltani kemur nú í þriðja sinn fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hann er staðarlistamaður hljómsveitarinnar á þessu starfsári og verður einleikari í Evrópuferð hennar í vor.

Soltani hljóðritar fyrir Deutsche Grammophon. Fyrsta plata hans, *Home*, kom út árið 2018 og hefur að geyma verk fyrir selló og píanó eftir Schumann og Schubert auk persneskra þjóðlaga. Hann hefur átt í gjöfulu samstarfi við Daniel Barenboim og meðal annars hljóðritað sellókonsert Dvořáks með Staatskapelle Berlin undir hans stjórn. Á nýjustu plötu sinni, *Cello Unlimited*, leikur Soltani kvikmyndatónlist og segir um hana: „Öll tónlistin sem heyrir á þessari plötu er framkölluð af sellóinu mínu og leikin af mér eingöngu. Möguleikar hljóðfærisins eru óendanlegir og þessi plata er hylling til þess og til töfra kvikmyndatónlistarinnar.“ Soltani leikur á Stradivarius-selló („The London, ex Boccherini“) sem hann hefur að láni frá velgjörðamanni í gegnum Beares International Violin Society.

CARL MARIA VON WEBER

FORLEIKUR AÐ GALDRASKYTTUNNI



TÓNLISTIN OG SÍ

Forleikurinn að Galdraskyttunni hljómaði alloft á tónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar á síðustu öld, meðal annars í hljótleikaferð um Norðurland árið 1962 undir stjórn Róberts A. Ottóssonar, en þetta er í fyrsta sinn sem hljómsveitin leikur hann í Eldborg. Óperan sjálf hefur aðeins einu sinni verið færð upp á Íslandi. Það var á Listahátíð árið 2006, þar sem Sinfóníuhljómsveit unga fólksins lék með Sumaróperu Reykjavíkur og Dansleikhúsinu.

Galdraskyttan (Der Freischütz) er þekktasta verk Carls Maria von Weber (1786–1826) og jafnframt ein ástsælasta ópera þýskra tónbókmennta. Weber var bráðþroska í tónlistarlegu tilliti. Hann var vart af barnsaldri þegar hann hóf að semja óperur og aðeins 17 ára varð hann óperustjóri óperunnar í Breslau (nú Wrocław í Póllandi). Síðar stýrði hann óperunni í Prag og árið 1817 var hann ráðinn að óperunni í Dresden þar sem hann gerði sér far um að ryðja þýskri óperu braut, en ítalska óperan hafði þá nánast alfarið ráðið ríkjum í leikhúsum álfunnar. Verk Webers sjálfs gegndu mikilvægu hlutverki í þróun óperutónlistar í Þýskalandi; 19. öldin var þar tími hinnar svokölluðu rómantísku óperu sem sótti margt til þjóðlegra þátta og náði hámarki í fyrstu verkum Richards Wagner. Wagner varð sjálfur fyrir áhrifum af óperum Webers og ekki er ólíklegt að alúð hans við forleikjasmíð eigi sér fyrirmynd í þeim. Wagner taldi að forleikurinn ætti að vera sjálfstæð smíð sem næði utan um — og kynnti — inntak og helstu tónhugmyndir óperunnar sjálfar og segja má að forleikurinn að *Galdraskyttunni* geri einmitt það.

Galdraskyttan er byggð á sögu eftir August Apel sem birtist í safninu *Gespensterbuch* (Draugabókin). Í óperunni segir frá veiðiskyttunni Max sem vill ganga að eiga brúði sína, Agötu, en fær það ekki nema hann sanni skotfimi sína. Félagi hans fláráður leiðir hann á vit veiðimanns sem ekki er þessa heims. Sá hjálpar þeim að steypa sjö byssukúlur, töfrum slungnar, en með því skilyrði að hann ráði hvern sjöunda kúlan hittir. Þegar kemur að skotkeppninni er aðeins sú sjöunda eftir ...

Forleikurinn að *Galdraskyttunni* vekur í fyrstu töktum eftirvæntingu með dálitlum óhugnaðarblæ. Við heyrum síðan hornin hljóma og hugsum til veiðimanna í skógi; dreymið klarinettssóló leiðir hugann að Agötu og ástinni áður en dramatíkin tekur yfir, en að leikslukum ríkir gleðin sönn og ein.

JOSEPH HAYDN

SELLÓKONSERT Í C-DÚR



TÓNLISTIN OG SÍ

Þetta er í tíunda sinn sem sellókonsert Haydns í C-dúr hljómar á tónleikum SÍ. Fyrstur til að leika hann hér var Erling Blöndal Bengtsson, árið 1965, en Hafliði Hallgrímsson fylgdi í kjölfarið árið 1968 og aftur 1980. Þá er mörgum enn í minni þegar hljómsveitin lék konsertinn með Mstislav Rostropóvitsj á Listahátíð í Laugardalshöll árið 1978 undir stjórn Vladimirs Ashkenzy. Á þessari öld hafa tveir leiðarar sellódeildar SÍ spreytt sig á konsertinum: Sigurgeir Agnarsson lék hann í Háskólabíói árið 2004 og í Eldborg árið 2021 og Bryndís Halla Gylfadóttir fór með einleikshlutverkið árið 2012 í Eldborg og í Hofi á Akureyri.


Eldsvoðinn mikli í Kaupmannahöfn árið 1728 skipar raunalegan sess í Íslandssögunni fyrir það hve mörg handrit og skjöl tengd landinu fóru þá forgörðum, bæði í Háskólabókasafninu og á heimili Árna Magnússonar handritasafnara. Sú hætta sem menningarminjum stafar af eldsvoða var vitaskuld bráðari þegar hús voru kynt og lýst með lífandi eldi eins og raunin var á 18. öld. Árið 1779 fuðraði upp óperuhús Nikulásar Eszterházy greifa, en það var hluti af höllinni miklu Eszterháza sem hann lét reisa í grennd við stöðuvatnið Neusiedlersee þar sem nú er Fertőd í Ungverjalandi.

Greifans er nú einkum minnst fyrir að hafa verið vinnuveitandi Josephs Haydn (1732–1809) um nærri 30 ára skeið. Tónskáldið bjó í húsi á landareigninni sem sjálft fór ekki varhluta af eldsvoðum, því þar kviknaði í bæði 1768 og 1776. Því er þetta rifjað upp hér, að það er margt á huldu um tónsmíðar Haydns, ekki síst einleikskonserta hans, og helgast það af því að handrit – bæði frumrit og afrit – hafa týnst, meðal annars í eldi. Þannig var vitað að Haydn hefði samið sellókonsert í C-dúr, því tónskáldið hafði skráð blábyrjun hans í lista yfir verk sín árið 1765, en verkið var talið glatað. Það var svo árið 1961 að afrit þess fannst í Þjóðarborghlöðunni í Prag og konsertinn tók að hljóma á ný, fyrst í flutningi sellistans Milošar Sádlo og Tékknesku útvarpshljómsveitarinnar vorið 1962.

Sellókonsertinn í C-dúr er fagað verk, fullt af léttleika. Hann er í hefðbundnum þremur þáttum og hljómsveitin er lítil, einungis strengir, tvö óbó og tvö horn. Blásturshljóðfærin notar Haydn reyndar sparlega; þau hljóma ekkert í hæga þættinum og í útpáttinum tveimur draga þau sig í hlé þegar einleikshljóðfærið hefur upp raust sína. Það ríkir því jafnvægi og tillitssemi í verkinu sem einnig birtist í því hvernig sellóið laumast gjarnan inn í hljómsveitarleikinn með löngum upphafstóni áður en skellir er á skeið upp og niður gripbrettið.

PIJOTR TSJAJKOVSKÍJ

SINFÓNÍA NR. 5



TÓNLISTIN OG SÍ

Fimmta sínfónía Tsajkovskijs hefur hljómað yfir tuttugu sinnum á tónleikum SÍ frá því að Hermann Hildebrandt stjórnaði verkinu fyrstur manna hérlendis, í Þjóðleikhúsinu árið 1953, við mikla hrifningu áheyrenda. Í Morgunblaðinu sagði af því tilefni að hann hefði verið kallaður fram hvað eftir annað í lok tónleikanna. Af öðrum stjórnendum sem stýrt hafa flutningi SÍ á verkinu má nefna Vladimir Ashkenazy (1973), Jean-Pierre Jacquillat (1981), Paavo Järvi (1993), Rumon Gamba (2009), Ilan Volkov (2012) og Osmo Vänskä (1994 og 2015).

Pjotr Íljitsj Tsajkovskíj (1840–1893) auðnaðist að ljúka sjö sínfóníum á ævi sinni. Sú sem auðkennd er með tölunni 5 er í raun hin sjötta, því að þremur árum áður en hún varð til samdi Tsajkovskíj geysimikið verk sem ber heitið *Manfred*, með undirtitlinum „sínfónía í fjórum senum“. *Manfred* er prógrammtónlist, eins og svo mjög var í tísku á 19. öld, reist á samnefndu kvæði eftir Byron lávarð. Hugmyndin að verkinu kom ekki upphaflega frá Tsajkovskíj sjálfum heldur frá kollega hans og vildarvini, Mílij Balakírev, sem hvatti hann ákaflega til þess að takast samningu þess á hendur þótt Tsajkovskíj hafi verið tregur til í fyrstu. Smíðin reyndi mjög á tónskáldið en að verklokum var hann ánægður með útkomuna — um sinn. Fáeinum árum síðar hafði honum snúist hugur og hann áformaði að eyðileggja raddskrána þótt ekki yrði af því.

Vorið 1888 punktaði Tsajkovskíj niður hjá sér hugmyndir að nýrri sínfóníu og lagði upp eins konar prógramm fyrir fyrsta þáttinn, sem samkvæmt stikkorðum tónskáldsins átti að hverfast um það að gefast örlögnum fullkomlega á vald. Um sumarið dvaldist Tsajkovskíj í litlu þorpi fyrir utan Moskvu og þar samdi hann heila sínfóníu, þá sem nefnd er hin fimmta. Í júní skrifar hann vini sínum og segir að sér gangi vel að vinna, hann sé að semja sínfóníu, en það er athyglisvert að hann tekur fram að hún sé „án prógramms“. Það er því eins og Tsajkovskíj hafi fengið nóg af prógrammtískunni; hann hafi ekki viljað binda nýju sínfóníuna niður við slíka forskrift og orðið óánægður með *Manfred*, sína viðamestu prógrammtónsmíð.

Tónlistarfræðingar hafa sumir verið tregir til að trúa orðum Tsajkovskijs um prógrammleysið og hafa bent á að fyrsti þáttur sínfóníunnar sé sannarlega örlagaþrunginn. Hann hefst á inngangi sem geymir einkennisstef sínfóníunnar, leikið í e-moll af klarínettunum, en að honum loknum vindur þættinum fram í dansandi 6/8 takti. Einkennisstefið á eftir að skjóta upp kollinum í öllum þáttum verksins en þekktasta stef sínfóníunnar er þó ef til vill það sem hljómar í hæga þættinum, falleg laglína sem fyrst er leikin á horn en síðar endurtekin af sellóum. Þetta aðalstef skreytir

Tsjajkovskíj einkar fallega með því að bjóða fyrst klarinetti og svo óbúi upp í dans með sólóhorninu. Þriðji þáttur er þokkafullur vals sem leiðir kannski hugann að ballettónskáldinu Tsjajkovskíj. Strengir og blásarar skiptast á að leika laglínuna en síðan er eins og nokkurs konar scherzoi sé skotið inn í þáttinn þegar fiðlurnar taka að leika sextándapartsnótur í sífellu, líkt og ballettflokkur tifi á táskóm! Lokapáttur sínfóníunnar hefst á því að við heyrum einkennisstefið leikið á upphafinn hátt – *maestoso*, en að innganginum loknum tekur við kraftmikil úrvinnsla sem stundum hefur sætt gagnrýni fyrir sýndarmennsku og hávaða.

Viðtökur verksins hafa aldrei verið á eina lund. Tsjajkovskíj hafði sjálfur áhyggjur af því, annað veifið að minnsta kosti, að hann hefði farið fram úr öllu hófi, að verkið væri of íburðarmikið. Nánustu vinir hans voru hrifnir af því en gagnrýnendur rússnesku blaðanna fundu því ýmislegt til foráttu; það væri endurtekningasamt og of „valsakennt“, hægi þátturinn væri svo sem fallegur en lokapátturinn sundurlaus. Á 20. öld var sínfónían stundum tekin sem dæmi um úrkynjun formsins þar sem meira bæri á ódýrum effektum en heilli hugsun. Það er ósanngjarn dómur. Verkið er þvert á móti vandlega samið og áhrifamikið; upphafspátturinn beygður undir kröfur sönötuformsins og bæði hann og hinn umdeildi lokapáttur fullir af dramatík og titrandi spennu sem fegurð og léttleiki innþáttanna vega síðan á móti.

Svanhildur Óskarsdóttir

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

1. FIÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Zbigniew Dubik
Laura Liu
Bryndís Pálsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Geirprúður Ása
Guðjónsdóttir Skelton
Laufey Jensdóttir
Rannveig Marta Sarc
Pálína Árnadóttir
Lin Wei
Ragnheiður Ingunn Jóhannsdóttir
Sigrún Harðardóttir
Emma Garðarsdóttir
Joanna Bauer

2. FIÐLA

Gunnhildur Daðadóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Hekla Finnsdóttir
Sólveig Steinþórsdóttir
Justyna Bidler
Sólrun Ylfa Ingimarsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Hlín Erlendsdóttir
Þórdís Stross
Gróa Margrét Valdimarsdóttir
Ingrid Karlsdóttir

VÍÓLA

Rita Þorfrís
Guðrún Þórarinsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Herdís Anna Jónsdóttir
Sarah Buckley
Fidel Atli Quintero Gasparsson
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Guðbjartur Hákonarson
Svava Bernharðsdóttir
Guðrún Hrund Harðardóttir

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Steiney Sigurðardóttir
Margrét Árnadóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Guðný Jónasdóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Bryndís Björgvinsdóttir

BASSI

Xun Yang
T.C. Fitzgerald
Jacek Karwan
Richard Korn
Hávarður Tryggvason
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Rafael Adobas
Áshildur Haraldsdóttir
Caterina Compagno

ÓBÓ

Julia Hantschel
Peter Tompkins

KLARÍNETT

Grimur Helgason
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Clara Manaud
Bryndís Þórsdóttir

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Justin Mange
Emil Friðfinnsson
Yi-Ling Shih
Jason Friedman

TROMPET

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Jón Arnar Einarsson
Sigurður Þorbergsson

BASSABÁSÚNA

David Bobroff

TÚBA

Itamar Elis

ÞÁKUR

Soraya Nayyar

AÐALHLJÓMSVEITARSTJÓRI OG LISTRÆNN STJÓRNANDI

Eva Ollikainen

FRAMKVÆMDA- OG SKRIFSTOFUTEYMI

Guðni Tómasson
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkelsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað
verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Tryggvi M. Baldvinsson
listrænn ráðgjafi
Jökull Torfason
verkefnastjóri dagskrágerðar

Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Dagrún Hálfðánardóttir
mannauðsstjóri
Svanhvit Hrólfssdóttir
fjármálastjóri
Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Althea Wetter
umsjónarmaður nótna
Sigbór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs-
og tæknimála
Björk Björgúlfssdóttir
sviðsmaður

STJÓRN SÍ

Sigurður Hannesson
formaður stjórnar
Jóhanna Yr Jóhannsdóttir
Margrét Pálmadóttir
Emil Friðfinnsson
Ragnar Jónasson

Á DÖFINNI

BARTÓK & RAVEL

FIMMTUDAGUR 9. OKTÓBER KL. 19:30

Sinfóníuhljómsveitin leikur forleik að Síðdegi skógarpúkans eftir Claude Debussy, La valse eftir Maurice Ravel, Sinfóníu nr. 4 eftir Witold Lutosławski og Píanókonsert nr. 3 eftir Béla Bartók. Martin Helmchen leikur einleik og Dima Slobodeniouk stjórnar.



FRÖNSK VEISLA

FIMMTUDAGUR 16. OKTÓBER KL. 19:30

Fiðluleikarinn Malin Broman stjórnar hljómsveitinni og leikur einleik á þessum tónleikum. Flutt verða Forleikur nr. 1 eftir Louise Farrenc, svítur úr óperunum Pelléas et Mélisande eftir Gabriel Fauré og Hippolyte et Aricie eftir Jean-Philippe Rameau, Tzigane eftir Maurice Ravel og Parísarsinfónían, nr. 31, eftir Wolfgang Amadeus Mozart.



NINA STEMME OG STUART SKELTON

FIMMTUDAGUR 23. OKTÓBER KL. 19:30

Sópransöngkonan Nina Stemme og tenórinn Stuart Skelton teljast til þekktustu túlkenda á óperum Richard Wagners. Þau, ásamt Hönnu Dóru Sturludóttur, syngja tónlist úr óperu Wagners um Tristan og Ísold, en á tónleikunum hljómar einnig forleikur hans að Meistarsöngvurunum í Nürnberg og Sinfónía í þremur þáttum eftir Ígor Stravinskíj. Eva Ollikainen stjórnar.



*Kvika eignastýring veitir allblíða
fjármálaþjónustu með áherslu á langtímaárangur*



KVÍKA

Eignastýring